

(B. XIV, 1).

Nd.

36. Frumvörp

til laga um afnám kennarastóls í klassískum fræðum við Háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson, Jörundur Brynjólfsson og Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassískum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er sparnaðarnefnd flutti á Alþingi 1922 (þingskjal 57), en því var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ástæður þessa frumvarps eru hinar sömu og þá lágu til framkomu frumvarpsins: hin mikla þörf rikissjóðs að spara kostnað við embættismannahald.

Embætti þetta getur ekki talist svo nauðsynlegt, að rjett sje að kosta það áfram, þá er verulega þrengist um fjárhag rikissjóðs eins og nú. Grískukenslu fyrir nemendur í guðfræði gætu kennarar guðfræðideildarinnar annast, enda eru þeir ekki ofblaðnir störfum, þar sem þeir að jafnaði hafa ekki nema eina kenslustund á dag þá mánuði ársins sem kent er.